

Þróunarsjóður leikskóla í Garðabæ

1. gr.

Markmið með þróunarsjóði leikskóla er að stuðla að framþróun og öflugu innra starfi leikskóla í Garðabæ.

2. gr.

Einstaka leikskólakennarar, kennarahópar, aðrir fagaðilar sem starfa við leikskóla í Garðabæ, einn leikskóli eða fleiri skólar/fagaðilar í sameiningu, fræðslu og menningarsvið í samstarfi við leikskóla geta sótt um styrk í þróunarsjóð leikskóla. Umsóknir skal senda til Fræðslu og menningarsviðs merktar þróunarsjóði leikskóla.

3. gr.

Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn að vori. Í auglýsingu tilgreinir leikskólanefnd hverju sinni áhersluþætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil. Sótt er um á sérstöku eyðublaði. **Umsóknir skulu hafa borist fyrir 1. apríl og skal þeim svarað fyrir 30 apríl.**

4. gr.

Árlega eru skilgreindir áhersluþættir sjóðsins og hluti af úthlutunarfé tengt þeim. Umsóknir eru metnar af leikskólanefnd leikskóla með hliðsjón af tengingu verkefnis við skólastefnu **Garðabæjar og skólanámskrá viðkomandi leikskóla**. Auk þess er tekið mið af markmiðum verkefnisins, framkvæmdaáætlun, matsáætlun, kostnaðarmati og væntanlegum ávinningi þess fyrir skólastarf í bænum. Leikskólanefnd getur kallað eftir áliti utanaðkomandi fagaðila við afgreiðslu umsókna. **Leikskólanefnd getur kallað eftir kynningu umsækjanda á viðkomandi verkefnum.** Tillögur leikskólanefndar eru lagðar fyrir bæjarráð til staðfestingar.

5. gr.

Gerður er skriflegur samningur við styrkþega um verkefni sem hlýtur styrk þar sem fram koma; yfirmarkmið verkefnis, ábyrgðarmaður verkefnis, skilgreindar vörður og tímasetningar, mælanleg markmið/gæðaviðmið, umsjónarmenn verkefnis og áætluð verklok. Einnig er þar tilgreindur styrkur sá sem verkefninu hefur verið úthlutað og hvernig staðið verður að greiðslum.

6. gr.

Styrkþegi skilar greinargerð á sérstöku formi um verkefnið þegar því er lokið. Einnig skal styrkþegi kynna niðurstöður verkefnisins á sameiginlegum starfsdegi leikskólanna, fyrir stjórnendum leikskóla, sem og leikskólanefnd og skólanefnd grunnskóla sé þess óskað. Garðabær hefur heimild til að nýta sér efni þróunarverkefna og veita öðrum heimild til notkunar.

7. gr.

Leikskólastjóri skal samþykkja umsóknina. Ef fleiri en einn leikskóli sækja sameiginlega um senda báðir/allir leikskólastjórar samþykki sitt.

8. gr.

Reglur þessar fyrir þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ voru samþykktar á fundi leikskólanefndar 15. febrúar 2016 og staðfestar í bæjarstjórn 3. mars 2016.

Garðabæ, 3. mars 2016

*Guðjón Erling Friðriksson,
bæjarritari.*

Dröð